



Stjórnarfundur Landssambandsstjórnar Delta Kappa Gamma á Íslandi

Stjórnarfundur landssambandsstjórnar DKG 18. júní 2010 Stapaseli 12, Reykjavík kl. 14:00

Mættar: Ingibjörg Jónasdóttir, Sóley Halla Þórhallsdóttir, Steinunn Guðmundsdóttir, Steinunn Ármannsdóttir, Guðný Helgadóttir og Anna Þóra Baldursdóttir.

Efni fundarins:

- Hugsanlegar lagabreytingar og það sem þarf að gera í kjölfar þeirra
- Framkvæmdaráðsfundur 20. ágúst 2010, efni og efnistöð
- Landssambandsþing næsta vor, dagsetningar o.fl.
- Önnur mál

Lagabreytingar

Laganefnd er falið að þýða þær breytingar sem gerðar verða á lögum samtakanna á Alþjóðþinginu í sumar. Athuga þarf að samræma reglugerðir við nýju lög.

Rætt var um mikilvægi þess að skerpa á hlutverki nefnda. Ákveðið að skoða nefndarmálin betur fyrir framkvæmdaráðsfundinn í haust. Skoða þarf hvort að þær breytingar sem gerðar verða samrýmist ekki alþjóðalögum.

Nefndarumræða

Lagt er til að skilgreining á verksviði laganefndar verði óbreyttur.

Lagt er til að skilgreining á verksviði námsstyrkjanefndar verði óbreytt en samið verði erindisbréf fyrir nefndina.

Skerpa þarf á starfssviði félaga- og útbreiðslunefndar, sérstakleg þeim þætti sem snýr að félaganefnd. Sú vinna þarf að fara fram í sumar.

Uppstillinganefnd, - skoða þarf verkferla.

Rætt var um starfssvið fjárhagsnefndar. Voru fundarkonur sammála að erfitt sé fyrir konur í þeirri nefnd að gera áætlanir um fjármál þar sem þær eru ekki með fjármálin á

sinni könnu. Stjórnin ákvað að leggja fyrir landssambandsþing næsta vor að leggja niður fjárhagsnefnd. Guðnýju falið að skoða málið með laganefnd.

Útgáfu- og kynninganefnd. Rætt um misræmi á milli heita á þessari nefnd – stundum kölluð ritnefnd. Samræma þarf heiti nefndarinnar og skerpa á hlutverki hennar. Skoða þarf hvort að gera eigi nefndir ábyrgari fyrir upplýsingum á vefsíðu.

Lagt er til að vinnunefnd verði skipuð til að endurskoða handbókina og að sú nefnd vinni í nánú sambandi við laganefnd og félag- og útbreiðslunefnd (sama nefnd og á síðasta tímabili)

Rætt var um reikningsskil deilda. Kom fram að mismunandi form er á skilum reikninga, bæði hvað varðar uppsetningu og hvernig og hvenær reikningum er skilað. Ákveðið að ræða á framkvæmdaráðsfundinum í haust að deildir hafi fast form á reikningsskilum. Einnig að beina þeim tilmælum að deildir séu með eigin kennitölu á reikningum en ekki á persónulegri kennitölu.

Framkvæmdaráðsfundur

Framkvæmdaráðsfundur verður haldinn 4. september. Að þessu sinni verða aðeins formenn deilda boðaðir á fundinn. Formenn nefnda boððir sem gestir. Rætt var um mikilvægi þess að vefumsjónarmenn deilda séu í góðu tengslum við stjórnir og jafnvel að þeir sitji stjórnarfundum. Laganefnd verður falið að kanna í reglugerðarvinnunni hvort að nokkuð sé því til fyrirstöðu.

Formaður lagði fram til umræðu dagskrá framkvæmdaráðsfundar í september. Ákveðið að hefja fund kl. 9.00.

Landssambandsþing

Landssambandsþing verður haldið í Reykjanæsbæ í maí 2011. Rætt var um mikilvægi þess að formenn deilda sinni þeirri skyldu sinni að sækja landssambandsþing og vorþing.

Næsti fundur verður haldinn fyrir framkvæmdaráðsfund í haust

Fundi slitið kl. 17.30

Sóley Halla ritaði fundargerðina